

Bláskógafréttir

23. árgangur 2. tbl. Febrúar 2024

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir
A.b.m: Asta Stefánsdóttir



Þorrablot 10. FEBRÚAR 2024

Íþróttahúsið á Laugarvatni
Sunnan sex leikur fyrir dansi
Suenni kokkur sér um matinn

Dagskrá hefst kl 20
Húsið opnar kl 19:30

Heimamenn sjá um
skemmtiatriði

Aldurstakmark 20 ára

Miðaverð 11.000 kr

pantanir berast til
thorrablotumfl@gmail.com
eða 893-5614 (Hallbera)
fyrir 5. febrúar

Lífið er allskonar á Mika!



Laugardaginn **17. febrúar** næstkomandi

verður sýningaropnun frá kl. **16-18** á **Restaurant Mika**.

Myndlistarfélag Árnassýslu stendur fyrir sýningunni og er hún samsýning félagsmanna og ber titilinn „**Lífið er allskonar**“! Þeir 16 félagsmenn sem sýna verk á sýningunni eru gott dæmi um fjölbreytileika lífsins og eru verkin af fjölbreyttum toga. Sýningin mun standa til loka mars mánaðar en hópur sýnenda verður á staðnum **þann 17. næstkomandi** og hlakka þau til að spjalla við ykkur og skála fyrir **fjölbreytileikanum**.

– Sýningarnefnd Myndlistarfélags Árnassýslu.



Vinnustofan í Sandvíkursetri Selfossi

Oddvitapistill

Veturinn hefur minnt rækilega á sig síðustu daga eftir ákaflega milt og hagstætt veður undanfarna mánuði. Talsverður erill hefur verið hjá þeim sem moka snjó fyrir sveitarfélagið og Vegagerðina. Það hefur þó allt gengið vel í þessum harðindum sem ganga yfir. Við skulum vona að þessum kafla fari nú að ljúka með hækkandi sól og vorinu handan við hornið.

Ég vil vekja athygli íbúa og þeirra sem láta sig skipulagsmál varða í sveitarfélaginu að þegar verið er að grenndarkynna t.d. breytingar á aðal- og/eða deiliskipulagi að þá er þeim sem taldir eru eiga hagsmuna að gæta send tilkynning inná pósthólf viðkomandi á www.island.is. Áður fékk viðkomandi sent bréf með grenndarkynningunni en nú hefur orðið breyting á. Því er mikilvægt að fólk tileinka sér og noti www.island.is því oft er verið að grenndarkynna mál sem geta haft áhrif á þá sem hagsmuna eiga að gæta.

Nú er sveitarfélagið búið að birta álagningarseðil fasteignagjalda inná www.island.is. Fasteignagjöldin samanstanda af fasteignaskatti og eftir atvikum sorpgjöldum, vatnsskatti, lóðarleigu og fráveitugjaldi/rotþróargjaldi. Gjald dagarnir eru átta talsins, sá fyrsti 1. febrúar og sá síðasti 1. september. Hægt er að sjá á heimasíðu sveitarfélagsins allar gjaldskrár er tengjast álagningu fasteignagjalda. Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að fá upplýsingar og útskýringar á skrifstofu Bláskógabyggðar.

Á næstu dögum munu tvö útboð frá Bláskógabyggð verði auglýst. Annars vegar er verið að bjóða út slátt í Reykholti og í Laugarási. Örlitlar breytingar verða gerðar á fyrirkomulagi á svæðum, sláttutíðni og fleiri þáttum frá fyrra útboði. Hins vegar verður auglýst útboð á 3. áfanga á endurnýjun fráveitunnar á Laugarvatni. Þessi útboð verða m.a. auglýst á miðlum sveitarfélagsins og víðar. Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér þessi útboð. Fleiri útboð munu svo fljótlega verða auglýst enda er talsvert um framkvæmdir hjá sveitarfélaginu á árinu.

Gera þarf breytingu á söfnunarilátum fyrir lífrænan úrgang frá heimilum og stofnunum í sveitarfélaginu. Lífrænum úrgangi hefur hingað til verið safnað saman í maíspoka á heimilum en nú hefur sá aðili sem vinnur lífræna úrganginn fyrir Íslenska Gámafélagið gert kröfu um að lífrænum úrgangi skuli safnað saman í sérstaka bréfpoka, ástæðan er að verkunin verði betri. Sveitarfélagið mun því afhenda körfu og eitt búnt af bréfpokum inná öll heimili í sveitarfélaginu. Íbúar verða svo í framhaldinu að kaupa sjálfir sína bréfpoka. Vonast er til að íbúar og allir þeir sem safna saman lífrænum úrgangi verði fljótir að tileinka sér breytinguna. Ágætis reynsla er í þeim sveitarfélögum sem hafa innleitt söfnun í bréfpoka, ég veit að reynslan á eftir að vera góð hjá okkur.

Um áramótin var gerð sú breyting á samstarfi sveitarfélaga sem standa að söfnun á seyru að færa þá starfsemi undir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (UTU) á Laugarvatni. Það eru sömu sveitarfélög sem standa að söfnun á seyru og að rekstri UTU, það er ákveðin hagræðing í að hafa þetta allt undir sama byggðasamlagi. Íbúar eiga ekki eftir að finna fyrir þessari breytingu en hagræðingin felst í ákveðnu utanumhaldi, skráningu rotþróa auk fleiri þátta.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í mars 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. mars 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bilamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664

Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla

Opið er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.

Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja við á skólatíma.

Ökukennsla

B-réttindi , kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang emmcemm@gmail.com



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.
Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímamantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



Bláskógabyggð

Opnunartími gámastöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladaðag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.

Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabygd

Íþróttamiðstöðin í Reykholti Vetraropnun

14. ágúst 2023 – 17. maí 2024



Mánudaga 14:00 – 20:00

Þriðjudaga 14:00 – 22:00

Miðvikudaga 14:00 – 20:00

Fimmtudaga 14:00 – 22:00

Föstudaga 13:00 – 17:00

Laugardaga 10:00 – 18:00

Sunnudaga lokað

Sundlaug, heitur pottur, vaðlaug, vatnsrennibraut, kalt ker, þrek- og íþróttasalur. Opið er í tækjasal mánudaga til laugardaga frá 10:00 til lokunartíma sama dags.

The Sport Center in Reykholt Opening hours during winter

14. August 2023 - 17. May 2024



Mondays 14:00 – 20:00

Tuesdays 14:00 – 22:00

Wednesdays 14:00 – 20:00

Thursdays 14:00 – 22:00

Fridays 13:00 – 17:00

Saturdays 10:00 – 18:00

Swimming pool, hot and cold tubs, water slide, gym and a fitness room. The Fitness center opens at 10:00 every day except Sundays.

Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað

Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

HÓLABÚÐIN



Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufræðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**

s:865-4393 eða netfang ellisifmb@gmail.com.



HEILSUEFLANDI
Uppsveitir
velliðan fyrir alla

LEIKFIMI FYRIR ÞIG

Opinn tími fyrir alla 60+ og aðra sem eru í endurhæfingu eða eru utan vinnumarkaðar. Tíminn er kl. 10 á mánudögum í íþróttahúsinu á Flúðum.

Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, íþrótt- og heilsufræðingur





Íþróttamannvirki Bláskógabyggðar
Laugarvatni
S. 480 3041

Opnunartímar

Sundlaug

Mánudag - Miðvikudags:

13:00 - 21:00

Fimmtudaga:

15:00-21:00

Föstudaga,

Laugardaga & Sunnudaga

13:00 - 18:00

Preksalur

Mánudag - Fimmtudags:

10:00 - 22:00

Föstudaga :

10:00 - 18:00

Laugardaga & Sunnudaga

13:00 - 18:00

Velkomin á Laugarvatn



SUMAR 2024

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt sumarstörf fyrir háskóla-, iðn- og tækninema sumarið 2024.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á landsvirkjun.is/sumarstorf

